

# Áhættustefna

Markmið stjórnar er að með áhættustefnunni sé áhættu stýrt á skilvirkan hátt og tryggt að starfsfólk sé meðvitað um áhættustýringu í rekstri félagsins og áhættustýring félagsins sé gagnsæ á öllum stigum, allt frá stjórn niður á einstaka starfsfólk.

## Hugtakaskilgreiningar

|                |                                                                                   |
|----------------|-----------------------------------------------------------------------------------|
| Áhættustýring: | Kerfisbundin greining, mat og stjórnun á einstökum áhættum Orkunnar.              |
| Áhættuvilji:   | Skilgreining þeirrar áhættu sem Orkan tilbúinn að taka til að ná markmiðum sínum. |
| Áhættuviðmið:  | Afmörkun áhættustýringar einstakra áhættuflokka Orkunnar.                         |

## Áhættustefna

Áhætta Orkunnar felst í mögulegum atburðum sem aftrað geta félaginu frá því að ná markmiðum sínum. Áhættustýring félagsins tekur tillit til allra flokka áhættu, s.s. á sviði fjárhags, rekstrar, hlýtingar og sjálfbærni. Aðgerðir félagsins á sviði áhættustýringar miða að því að skilgreina, meta, mæla og stýra áhættu í starfsemi félagsins í samræmi við áhættuvilja þess og áhættuviðmið, sem stjórn skilgreinir frá einum tíma til annars.

## Innleiðing á stefnu

**Forstjóri** ber ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu Orkunnar og áhættustýringu í daglegum rekstri félagsins og svarar fyrir gagnsemi og virkni áhættustýringar gagnvart stjórn.

**Framkvæmdastjórn** Orkunnar bera ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu, greiningu á áhættu og áhættustýringu á þeim sviðum sem undir þá heyra. Forstjóri getur ráðið áhættustjóra sem vinnur þvert á deildir/svið félagsins og tryggir samræmda framkvæmd málaflokksins.

**Áhættustjóri** skal árlega útbúa starfsáætlun sem forstjóri samþykkir að fengnu áliti framkvæmdastjórnar. Áhættustjóri sér til þess að áhættuflokkar, áhættuvilji og áhættuviðmið séu skilgreind, að fenginni umsögn framkvæmdastjórnar. Áhættuvilji og áhættuviðmið eru viðaukar við áhættustefnu þessa.

**Framkvæmdastjórn** hefur eftirfarandi hlutverk við innleiðingu stefnu þessarar:

- I. Að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn vegna áhættustefnu, áhættuvilja og áhættuviðmiða.
- II. Að rýna með reglubundnum hætti áhættustefnu, þar með talið áhættuflokka, áhættuvilja og áhættuviðmið.
- III. Leggja til, ef við á, breytingar til stjórnar á áhættustefnu.
- IV. Að fylgjast með og meta með reglulegu millibili árangur áhættustýringar.
- V. Leggja til, ef við á, breytingar til stjórnar um framkvæmd áhættustefnu sem og breytingar á og skipulagi áhættustýringar.
- VI. Að rýna stefnur og gæðaskjöl fyrirtækisins tengd áhættustýringu.
- VII. Að rýna áhættuskýrslur áhættustjóra áður en þær verða lagðar fyrir stjórn.
- VIII. Að rýna viðbragðsáætlanir áður en þær eru lagðar fyrir stjórn.

### Mælikvarðar og upplýsingagjöf

**Áhættustjóri** upplýsir framkvæmdastjórn um árangur af innleiðingu á áhættustefnu, þ.m.t. áhættuvilja og áhættuviðmið, í samræmi við starfsáætlun sína. Áhættustjóri upplýsir forstjóra, framkvæmdastjórn og stjórn án tafar um frávik frá áhættuvilja og áhættuviðmiðum.

**Forstjóri** upplýsir stjórn um frávik frá áhættuvilja og áhættuviðmiðum í samræmi við ákvæði starfslýsingar hans.

**Áhættustjóri** skilar áhættuskýrslu til stjórnar tvisvar á ári, að fenginni umsögn framkvæmdastjórnar.

### Endurskoðun

Áhættustefna þessi skal rýnd árlega af stjórn og þegar tilefni er í samræmi við ákvæði hennar að öðru leyti.

### Gildistaka

Stefna þessi tekur gildi frá og með samþykkt stjórnar.

### Eftirfylgni

Til þess að tryggja að markmiðum stefnunnar sé fylgt er gerð aðgerðaráætlun og henni fylgt eftir með formlegum hætti.

Stefna félagsins um áhættustýringu skal vera aðgengileg á vefsíðu Orkunnar.

**Samþykkt af stjórn Orkunnar 27. febrúar 2025.**